

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breytt deiliskipulag fyrir Norðurhraun í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 15. desember 2020, breytt deiliskipulag fyrir Norðurhraun, reit 16 í Þorlákshöfn. Breytt deiliskipulag tekur til húsgerðar, fjölda íbúða og lóðaskiptingar en aðrir þættir eru einnig endurskoðaðir svo sem lóðarmörk, bílastæðafjöldi og gönguleiðir. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Götu í Selvogi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. nóvember 2020, deiliskipulag fyrir Götu í Selvogi. Skipulagið tekur til tjaldsvæðis og tengdrar starfsemi. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 28. desember 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2021